



# Ferðamannalandið Ísland: Draumaland eða Djöflaeyja?

---

Ferðapjónustuúttekt Greiningardeildar Arion  
banka

20. september 2016

# Efnisyfirlit

---

- Helstu niðurstöður (bls. 3)
- Úr jaðargrein í meginstoð hagkerfisins (bls. 4)
- Hluttur ferðapjónustu í landsframleiðslu (bls. 13)
- Spá Greiningardeildar um fjölgun ferðamanna (bls. 20)
- Nokkrir áhættuþættir (bls. 26)
- Neyslumynstur erlendra ferðamanna (bls. 39)
- Fyrirtæki í ferðapjónustu (bls. 54)
- Gistimarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu (bls. 67)
- Gistimarkaðurinn utan höfuðborgarsvæðisins (bls. 79)
- Uppbygging innviða: Hvar þarf að fjárfesta? (bls. 87)
- Við stöndum á krossgötum (bls. 103)
- Viðauki: Ný gögn um rekstur ferðapjónustu (bls. 104)

# Helstu niðurstöður

---

- Við spáum að vöxtur í komum ferðamanna slái öll met í ár en að hægja taki síðan á vextinum. Spá okkar hljóðar upp á 2,2 milljónir ferðamanna á næsta ári og að fjöldinn fari upp í 2,5 milljónir árið 2018.
- Vægi ferðaþjónustunnar í vergri landsframleiðslu og atvinnuvegafjárfestingu hefur farið vaxandi undanfarin ár. Út frá ólíkum mælikvörðum má ætla að landsframleiðslan væri um 4-8% lægri en hún er í dag ef ekki hefði komið til uppgangs í ferðaþjónustunni.
- Sterkara gengi krónunnar hefur hingað til haft lítil áhrif á neyslu ferðamanna. Áhrifin eru þó sýnileg og gætu magnast upp ef gengi krónunnar styrkist enn frekar.
- Neyslumynstur ferðamanna, dvalartími og dvalarstaðir er mjög mismunandi eftir þjóðernum. Slíkar upplýsingar geta verið gagnlegar þegar kemur að því að markaðssetja íslenska ferðaþjónustu og dreifa ferðamönnum í tíma og rúmi.
- Afkoma í ferðaþjónustu hefur stórbatnað og fjárhagur er sterkari en áður fyrr. Litlar vísbendingar er að sjá um útlánabólu í ferðaþjónustu.
- Nýting hótela hefur batnað sl. misseri víðast hvar á landinu. Verð gistingar í Reykjavík hefur hækkað um tæp 40% í evrum á þremur árum. Við áætlum að um 2.500 hótélherbergi verði byggð í Reykjavík fram til ársins 2020.
- Aukinn ferðamannafjöldi eykur álag á hagræna innviði landsins eins og flugvelli, hafnir og vegakerfi. Einnig getur ferðamannastraumurinn reynt á félagslegu innviðina eins og heilbrigðiskerfið og löggæsluna.
- Að okkar mati er brýnt að fjárfesta í samgöngum og þá sérstaklega vegakerfinu en einnig mætti efla innanlandsflug til að dreifa ferðamönnum betur um landið.
- Til að fjármagna fjárfestingu hins opinbera í innviðum er brýnt að ná samstöðu um sanngjarna gjaldtöku. Sem dæmi mætti hækka gistináttaskatt og að auka beina gjaldtöku á einstaka ferðamannastöðum.





# Úr jaðargrein í meginstoð hagkerfisins



---

# Síðustu 9 ár slá út árin 59 þar á undan í komum erlendra ferðamanna

Ferðapjónustan hefur lengi vaxið hratt en er að ýmsu leyti enn ung atvinnugrein

Ferðamönnum hefur lengi fjölgað hratt. Frá því mælingar hófust árið 1949 og til ársins 2007 fjölgaði ferðamönnum að jafnaði um 8% á ári. Síðan þá hefur fjölgunin orðið mun hraðari svo að fjöldi ferðamanna í ár verður svipaður og samanlagður fjöldi fyrstu fjóra áratugi mælinga .

Hér sést hvað skýrast hversu fordæmalaus þessi fjölgun ferðamanna er í lýðveldissögunni og varpar því ágætu ljósi á þá upplifun að aðilar tengdir ferðamannageiranum séu enn að fóta sig í gjörbreyttum veruleika.




# Vöxtur sem enginn bjóst við

Stefnir í rúmlega 1,7 milljónir ferðamanna í ár – spá okkar frá 2014 gerði ráð fyrir 1,2 milljónum


Eftir því sem við best vitum hafa allar spár um fjölda ferðamanna vanmetið fjölgunina síðustu ár. Helsta undantekningin er farþegaspá ISAVIA frá því í ársbyrjun, sem hefur verið nokkuð nákvæm undanfarið. Sú spá hefur þó verið færð nokkuð upp á við og horfur á fleiri ferðamönnum síðustu mánuði ársins en áður var áætlað.

Fjölgunin hefur einnig komið Seðlabankanum í opna skjöldu sem birtist í því að Seðlabankinn hefur ítrekað vanspáð vexti útflutningstekna síðustu ár.

Spár um fjölda ferðamanna  
- samanburður við raunpróun, þúsundir



Útflutningur  
- rauntölur og spár Seðlabankans




# Í fyrra fjölgaði Bretum og Bandaríkjamönnum mest

Ferðamönnum frá Kína og „öðrum áfangastöðum“ fjölgaði einnig hlutfallslega mikið

Í fyrra voru rúmlega 38% ferðamanna frá Bandaríkjunum og Bretlandi.

Bandarískum og breskum ferðamönnum hefur fjölgað hratt undanfarin ár og eru þeir því mikilvægur hópur þegar kemur að ferðaþjónustunni.

Athyglisvert er að rússneskum ferðamönnum fækkaði um 39% í fyrra frá því árið áður. Einnig fækkaði Norðmönnum um 4% en þessi þróun endurspeglar lakara efnahagsástand í olíuútflutningsríkjum.




# Kunnuglegt stef: Mikil fjölgun ferðamanna það sem af er ári

Líkt og í fyrra er mesta fjölgunin frá Norður-Ameríku

Það sem af er ári hefur bandarískum ferðamönnum fjölgað mest, en einnig er mikill vöxtur í ferðamönnum frá Kanada, Póllandi og Bretlandi.

Svo virðist sem „Brexit“ hafi enn sem komið er ekki haft sýnileg áhrif þar sem breskum ferðamönnum fjölgaði um 16% eftir „Brexit“ kosninguna í lok júní. Þá bendir flugframboð ekki til þess að fækkun breskra ferðamanna sé í kortunum á næstunni.

Ef horft er á önnur lönd sem lent hafa í efnahagslegum skakkaföllum s.s. Rússland má sjá að ferðamönnum þaðan er farið að fjölga á ný eftir samdrátt í fyrra.





# Tölur um gistinætur gefa vísbendingu um hverjir „aðrir“ ferðamenn eru


Belgar, Austurríkismenn, Ástralir og fólk frá ýmsum Asíuríkjum koma ekki fram í tölum um fjölda ferðamanna

Eins og sést á blaðsíðunum hér á undan er þriðji fjölmennasti ferðamannahópurinn sem hingað kemur til lands einfaldlega kallaður annað. Það sem af er ári hafa 177 þúsund ferðamenn fallið undir þennan flokk.

Hvaða þjóðerni liggja að baki má leiða út frá gögnum um gistinætur, sem ná utan um talsvert fleiri þjóðerni. Ef gert er ráð fyrir að gistinætur þeirra dreifist jafnt á ferðamenn er hægt að fá nálgun á fjöldataölur annarra þjóðerna.

Með þessari nálgun má sjá að um 8% af erlendum ferðamönnum er sóttu landið heim í fyrra voru frá öðrum Asíulöndum, Belgíu, Ástralíu og Austurríki.

Gistinætur og fjöldi annarra ferðamanna árið 2015



# Árstíðasveiflan hefur minnkað og minnkar enn


Þó er ólíklegt að árstíðasveiflan hverfi algjörlega

Dregið hefur úr árstíðarsveiflunni undanfarin ár. Árið 2010 komu um helmingur erlendra ferðamanna í júní – ágúst, en í ár áætluð við að hlutfallið verði um 38%

Sökum þess að fólk ferðast almennt meira yfir sumartímamann á Norðurlandinu gæti reynst erfitt að ná árstíðasveiflunni enn neðar. Í ljósi þess að minni árstíðasveifla er góð fyrir rekstur er það þó ætíð verðugt markmið.

Árstíðasveiflan er í raun enn meiri en fjöldatölur gefa til kynna þar sem meðaldvalartími ferðamanna er lengri á sumrin.

Hlutdeild hvers mánaðar í heildarfjölda ferðamanna




# Gjaldeyrisforðinn hefði stækkað mun hægar án fjölgunar ferðamanna

Krónan hefur styrkst um nærri 20% gagnvart evru á 3 árum – að miklu leyti sökum fjölgunar ferðamanna

Gríðarleg aukning útflutningstekna vegna erlendra ferðamanna hefur viðhaldið jákvæðum viðskiptajöfnum síðustu ár. Án fjölgunar ferðamanna má ætla að viðskiptajöfnum væri neikvæður sem nemur 8% af landsframleiðslu síðustu 4 ársfjórðunga, í stað þess að vera jákvæður um 5%.

Gjaldeyrisinnstreymið hefur veitt Seðlabankanum svigrún til að byggja upp gjaldeyrisforða og stutt við sterkara gengi krónunnar. Sterkara gengi kemur öðrum útflutningsgreinum illa svo spyrja má hvort það kræli á hollensku veikinni (e. dutch disease) í hagkerfinu. Það gerist þegar ein útflutningsgrein stækkar mun hraðar en aðrar svo gengið styrkist, sem kemur sér illa fyrir aðrar útflutningsgreinar.

Gjaldeyrisforði, þjónustujöfnum og viðskiptajöfnum  
- m.kr. á föstu gengi



# Koma erlendir ferðamenn með „hollensku veikina“ til landsins?


Hversu mikið bitnar uppgangur ferðaþjónustunnar á öðrum útflutningsgreinum?

Þó að jákvæðu áhrif fjölgunar ferðamanna séu ótvíræð hefur fjölgunin síðustu ár óhjákvæmilega hliðarverkanir. Ein þeirra virðist vera áðurnefnd hollenska veiki, sem birtist einna skýrast í gengi krónunnar. Vanalega er talað um hollensku veikina í tilfellum þar sem ný náttúruauðlind finnst. Þó að ferðamenn séu vissulega ekki náttúruauðlind eru áhrifin engu að síður svipuð.

Það er nefnilega þannig að útflutningsgreinar eins og sjávarútvegur finna vel fyrir sterkara gengi krónunnar, sem kemur niður á afkomu og lækkar laun sjómanna. Verri afkoma í útflutningsgreinum leiðir til þess að erfiðara er að byggja þær upp.

Án þess að það hafi verið kannað sérstaklega virðist sem þessi áhrif séu lítil enn um sinn. Ef aftur á móti ferðamönnum heldur áfram að fjölga hratt og gengið styrkist meira af þeim sökum, gæti hollenska veikin látið á sér kræla. Það er í það minnsta fyllsta ástæða til að fylgjast með þróuninni.

Vöxtur útflutningstekna milli ára





## Hlutur ferðapjónustu í landsframleiðslu

Vægið vex




## Byrjum á samanburði útflutningstekna

Ferðaþjónustan gæti í ár skilað svipað miklu í útflutningstekjur og ál og sjávarafurðir samanlagt

Á grundvelli kenningarinnar um grunnatvinnuvegi hafa verið færð rök fyrir því að ákveðnar atvinnugreinar skapi forsendur fyrir aðrar atvinnugreinar og skapi þannig meira virði en mælist beint í þjóðhagsreikningum. Þannig hefur vægi sjávarútvegs í vergri landsframleiðslu verið metið meira en tvöfalt en það mælist, t.d. 26% heildarframlag til VLF árið 2010. Þá var heildarframlag álklassans til VLF metið 9% árið 2012.

Ekki hefur verið áætlað hversu mikið þetta virði er fyrir ferðaþjónustuna, enda er greinin mjög kvik um þessar mundir og í eðli sínu fjölbreytt. Með því að horfa á útflutningstekjur í hlutfalli við VLF má þó gera sér í hugarlund að áhrifin eru umtalsverð.

Útflutningur vöru og þjónustu í hlutfalli við landsframleiðslu




# Vægi ferðapjónustu í heildarfjölda vinnustunda er 11%

Samkvæmt WTTC er vægi ferðapjónustu í landsframleiðslu 8%


Vinnustundir í ferðapjónustu geta einnig gefið hugmynd um mikilvægi greinarinnar í hagkerfinu, en þær hafa vaxið mun örar en í öðrum greinum frá árinu 2010. Sá vöxtur hefur leitt til þess að vægi ferðapjónustu í vinnustundum hefur vaxið úr 7% árið 2010 í 11% árið 2015 skv. okkar mati\*.

WTTC áætlar að beint framlag ferðapjónustu til vergrar landsframleiðslu hafi verið 8% árið 2015 og 27% ef óbeint framlag er talið með. Við teljum að það sé ansi vel í lagt og reiknum með að heildarframlagið sé nokkuð minna, þó ætíð sé erfitt að meta það. Hér er óplægður akur fyrir rannsóknir.

Vinnustundir og ferðapjónusta



Hluttur ferðapjónustu í landsframleiðslu skv. WTTC





# Hvert er vægi ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu?

Ríflega 8% í fyrra – líklega nærri 10% í ár

Hér er gerð tilraun til að meta vægi ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu á tekjuskiptingaruppgjöri og atvinnuvegafjárfestingu. Byggt er á TSA ferðapjónustureikningum til 2013 og þeir framreiknaðir miðað við hagvöxt, fjölgun ferðamanna og fyrri þróun TSA reikninganna. Þessi aðferð byggir á því að gefa sér ákveðnar forsendur og hér er bæði horft til ferðapjónustu gagnvart íslenskum og erlendum ferðamönnum. Einnig er skilgreiningin á ferðapjónustu ívið víðtækari hér en í TSA reikningum Hagstofunnar.

Niðurstöður okkar útreikninga sýna ótvírætt vaxandi vægi ferðapjónustu í efnahagslífinu.



# Hvernig hefði hagvöxtur verið síðustu ár án uppgangs ferðapjónustunnar?


Landsframleiðslan væri skv. þessum mælikvörðum 80-180 ma.kr. lægri 2015 – 4-8% lægri en hún er í dag

Líkt og það er erfitt að spá fyrir um framtíðina, er erfitt að segja til um hvað hefði gerst í fortíðinni ef eitthvað hefði farið öðruvísi. Hér er gerð tilraun til að meta hvernig hagvöxtur hefði verið án veldisvaxandi fjölgunar ferðamanna síðustu ár.

Bleiku súlurnar byggja á aðferðafræði síðustu bls, en hér látum við einnig fylgja mat úr þjóðhagslíkani okkar auk þess sem við lækjum vöxt tekna af ferðamönnum í þjóðhagsreikningum og reiknum út hvernig hagvöxtur hefði þá verið, að öllu öðru óbreyttu.

Lykilatriðið er að fjölgun ferðamanna hefur átt stóran, og líklega langstærsta þáttinn í efnahagsbata síðustu ára.

Hagvöxtur og áhrif fjölgunar ferðamanna





# Ferðaþjónustan hefur sett gríðarlegan þrýsting á vinnumarkaðinn

Hefur skapað um 10.000 ný störf frá 2010 - þó er erfitt að leggja mat á það

Einn stærsti áhrifaþáttur þess að atvinnuleysi hefur lækkað síðustu ár er vöxtur ferðaþjónustunnar.

Erfitt er að henda reiður á hversu mörg störf ferðaþjónustan hefur skapað en miðað við fjölda launþega er ljóst að það er talsverður fjöldi, eða um 12.500 frá júlímánuði 2010 til júlí 2016.

Við höfum metið fjölda starfa í ferðaþjónustu með sömu nálgun og framlag til landsframléiðslu, sem má sjá á hægri myndinni. Miðað við þá nálgun var fjölgun starfa á ársgrundvelli um 9.600 frá 2010 til 2015.






# Fyrir hverja 111 ferðamenn hefur orðið til eitt nýtt starf

Fjölgun ferðapjónustustarfa og ferðamanna fylgist að

Heilt yfir hefur verið sterkt samband milli fjölda ferðamanna og ferðapjónustustarfa síðustu ár. Að jafnaði hefur eitt nýtt skapast fyrir hverja 111 ferðamenn sem koma til landsins á hverju ári frá 2010. Sífelld fleiri ferðmenn þarf til að skapa nýtt starf, til að mynda hækka talan í 128 ef við skoðum þróunina síðustu 2 ár.

Atvinnuleysi mældist 2,1% í júlí og augljóst að svigrúm til mannaáðninga innanlands er takmarkað. Einnig getur verið kostnaðarsamt að flytja inn erlent starfsfólk í stórum stíl. Þess vegna er aukin framleiðni ein forsenda þess að atvinnugreinin dafni.

Fjölgun erlendra ferðamanna og ferðapjónustustarfa milli ára  
- eftir ársfjórðungum





## Spá Greiningardeildar um fjölgun ferðamanna

---

Ferðamannaflóðið heldur áfram

## Spáum rúmlega 2,2 milljónum ferðamanna á næsta ári...


... og að fjöldinn fari í 2,5 milljón árið 2018

Við gerum ráð fyrir að ferðamönnum haldi áfram að fjölga mikið á næstu árum – að því gefnu að innviðir og flugframboð nái að halda í við eftirspurnina.

Spáin gerir ráð fyrir að vöxturinn í ár slái öll met en að hægja taki á vextinum strax á næsta ári.

Spáin er talsvert brattari en fyrri spár, en fram til þessa hefur fjölgun ferðamanna ítrekað farið fram úr væntingum okkar.

Fjöldi erlendra gesta um Keflavíkurlflugvöll  
- árstölur og aukning



# Mesti vöxturinn verður yfir vetrarmánuðina


Árstíðasveiflan heldur áfram að minnka en hægja tekur á þeirri þróun við lok spátímabilsins

Spá okkar, sem að miklu leyti byggir á tölum og leitni úr fortíð, gerir ráð fyrir áframhaldandi, en jafnframt minnkandi árstíðarsveiflu í komu ferðamanna.

Hlutfallsleg fjölgun ferðamanna verður þannig mest yfir vetrarmánuðina en vetrarferðamennska er sífellt að sækja í sig veðrið með auknu flugframboði og afþreyingu.

Við reiknum með miklum vexti í vetur í ljósi þess að sífellt fleiri flugfélög hafa tilkynnt aukin umsvif hér á landi og flugframboð hefur aldrei verið meira.

Fjölgun erlendra gesta um Leifsstöð  
- hlutfallsleg fjölgun eftir ársfjórðungum



# Fjölgun ferðamanna ígildi hraðari fólksfjölgunar


Þeim sem eru á landinu á hverjum tíma fjölgar að meðaltali um 10.600 á ári 2016-2019

Ein helsta birtingamynd ferðabjónustunnar er sú að uppgangur greinarinnar leiðir til áhrifa sem eru á ýmsan hátt svipuð og hröð fólksfjölgun. Það birtist t.d. í aukinni eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Skv. ferðamannaspá okkar og mannfjöldaspá Hagstofunnar mun meðalfjöldi einstaklinga á landinu á hverjum tíma aukast um 13% frá 2015 til 2019.

Meðalfjöldi ferðamanna á landinu verður svo enn meiri yfir sumartímann, þar sem ferðamenn eru þá fleiri og dvelja lengur.

Fjölgun ferðamanna og íbúa leiðir til þess að byggja þarf þak yfir höfuð fleiri einstaklinga sem hefur haft áhrif til hækkunar íbúðaverðs á landinu.

Fjölgun íbúa og meðalfjölda ferðamanna á landinu






# Frávíksspá: Hækkun flugfargjalda

Neikvætt samband er á milli flugfargjalda og koma erlendra ferðamanna

Spá okkar um fjölgun ferðamanna byggir á tölfræðilíkani sem tekur m.a. tillit til þróunar flugfargjalda.

Til að leggja tölulegt mat á þróun flugfargjalda í framtíðinni gerum við ráð fyrir að þau fylgi væntingum um þróun olíuverðs. Inn í grunnspá okkar er því gert ráð fyrir einhverri hækkun flugfargjalda.

Ef við breytum gefnum forsendum og ímyndum okkur að flugfargjöld hækki um 15% á næsta ári, 7,5% árið 2018 og 2% árið 2019 lækkar spá okkar um fjölgun ferðamanna nokkuð, líkt og sést hér til hliðar.




# Hvaða áhættuþáttum stendur ferðapjónustan frammi fyrir?

Ferðapjónustan er seig en ekki ónæg fyrir áföllum

Nær ómögulegt er að segja til um með mikilli nákvæmni hversu margir ferðamenn munu sækja landið heim í framtíðinni. Þessi óvissa endurspeglast í nokkuð stóru óvissubili spárinnar, einkum þegar líður á spátímann.

Auðvelt er að ímynda sér að óvissubilið ætti í meira mæli að taka til neðri markanna þar sem fjölgun ferðamanna eru settar ákveðnar skorður s.s. með flugframboði. Aftur á móti eru engar bindandi skorður á hversu fáir ferðamenn geta komið – nema talan núll.

Ýmislegt má telja til sem gæti hugsanlega leitt til stöðnunar, eða jafnvel fækkunar ferðamanna s.s. náttúruhamfarir, óhóflegt gengisris og efnahagssamdráttur í helstu viðskiptalöndum.





## Nokkrir áhættuþættir

---

Flugframboð og eldgos, þolmörk og krónan

# Fjölgun ferðamanna byggir að verulegu leyti á auknu flugframboði


Þróun flugframboðs mun því ráða miklu um hversu hratt ferðamönnum fjölgar

Samkvæmt niðurstöðum nýlegrar rannsóknar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skiptir flugframboð höfuðmáli fyrir komur erlendra ferðamanna til lítilla eyríkja. Þannig stuðlar viðbót á beinu flugi að 10% fjölgun í komum ferðamanna frá viðkomandi landi.

Þessar niðurstöður koma í sjálfu sér ekki á óvart, enda eyríki háðari flugsamgöngum en önnur. Ef flugsamgöngur stöðvast komast fáir, ef einhverjir til landsins.

Umtalsverð aukning hefur orðið á sætaframboði undanfarin ár. Ef hægja tekur á framboðs aukningu er ljóst að hægja taki á fjölgun ferðamanna.

Fjöldi flugfélaga sem fljúga reglulega til og frá Íslandi




## Náttúruhamfarir: Byr undir báða vængi eða vængbrot?

Evrópa, you ain't seen nothing yet!

Gosið í Eyjafjallajökli árið 2010 setti mark sitt á ferðþjónustuna enda fylgdi því mikil röskun á flugumferð. Í apríl og maí það ár komu 18% færri erlendir ferðamenn til landsins samanborið við árið áður. Til lengri tíma virðist þó sem gosið hafi verið blessun í dulargervi fyrir íslenska ferðþjónustu og að það hafi átt stóran þátt í að koma Íslandi á „kortið“. Gosið teygði anga sína út fyrir landsteinana en gjóskan í háloftunum setti flugumferð í Evrópu á aðra hliðina og var yfir 100.000 flugum aflýst. Samkvæmt mati Alþjóðasamtaka flugfélaga, IATA, töpuðu flugfélög í kringum 1,7 milljörðum bandaríkjadala á gosinu.

Fjöldi ferðamanna á Íslandi í apríl og maí



Tjónið sem hlaut af gosinu í Eyjafjallajökli vakti menn til umhugsunar. Á Íslandi eru í kringum 30 virk eldstöðvakerfi og eldgos nokkuð tíð. Því er ekki loku fyrir skotið að hér verði annað eldgos sem muni komi illa við kaunin á ferðþjónustunni, allavega til skamms tíma litið. Íslensk ferðþjónusta þarf að vera í stakk búin til að takast á við slík áföll.

Augu jarðvísindamanna beinast nú einkum að Heklu, sem margir telja vera komna á tíma, Kötlu og Grímsvötnum. Samkvæmt jarðeðlisfræðingum er Hekla tilbúin til að gjósa, og mun eflaust gera það á næstu árum, en ólíklegt þykir að það muni hafi víðtæk áhrif á ferðþjónustuna enda stendur sprengigosið þar yfirleitt stutt yfir og gjóskan því talsvert minni en úr Eyjafjallajökli sem dæmi. Þá hafa fyrri Heklugos ekki valdið mikilli röskun á flugi. Menn eru meira uggandi yfir Kötlugosi en Katla gaus síðast árið 1918.




# Hriktir í stoðum ferðapjónustunnar í Christchurch eftir jarðskjálfta

Skýrt dæmi um áhrif náttúruhamfara á ferðapjónustu

Síðla árs 2010 og í byrjun árs 2011 riðu nokkrir stórir jarðskjálftar yfir borgina Christchurch í Nýja Sjálandi. Stærsti skjálftinn mældist 7,1 á Richter en seinni skjálftinn, er olli meira tjóni og kostaði 185 manns lífið, mældist 6,3 á Richter.

Borgin var vinsæll áfangastaður en fyrir skjálftana fóru í kringum 20% af erlendum ferðamönnum er sóttu landið heim í gegnum Christchurch.

Í kjölfar skjálftanna fækkaði erlendum ferðamönnum í borginni um tæplega þriðjung, og ferðamannastraumurinn hefur ekki ennþá náð fyrri hæðum. Þá eyðilögðust mörg hótel og gistiheimili sem olli því að framboð á gistirými snarminnkaði.





# Innviðir að springa, þolmörkum náð?


Hugtakið þolmörk getur átt við náttúruna, innviði, heimamenn og ferðamennina sjálfa

Í kjölfar ævintýralegrar fjölgunar ferðamanna hér á landi hefur umræðan um þolmörk orðið sífellt háværrari, enda víða að finna vísbendingar þess efnis að verulega sé farið að þrengja að innviðum.


Erfiðara er að meta þolmörk náttúrunnar sjálfrar, helsta aðdráttarafis landsins. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar á viðhorfum ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum benda til þess að enn sem komið er hefur mannmergi ekki dregið úr eiginleikum þessara staða né laskað ímynd þeirra.

Þá bendir Ferðamannapúls Isavia, Ferðamálastofu og Gallup til þess að ferðamenn séu almennt ánægðir með dvöl sína á Íslandi, sérstaklega Rússar en Japanir síður.

Ánægja ferðamanna með ferð, náttúru, þjónustu og innviði  
- sumarið og haustið 2014 og veturinn 2015



Ferðamannapúlsinn, árið 2016



Staðir til skoðunar:

- Djúpalónssandur
- Geysir
- Þingvellir
- Hraunfossar
- Þórsmörk
- Jökulsárlón
- Seltún
- Sólheimajökull

Spurt er um heildaránægju, peninganna virði, uppfylling væntinga, líkur á meðmælum og gestrisni.

# Dæmisaga: Íbúar Barcelona missa þolinmæðina fyrir ferðamönnum



„Túristar farið heim“ er sífellt algengari sjón á húsveggjum einnar fjölsóttustu borgar Evrópu

Vaxandi óánægju er að gæta meðal íbúa Barcelona vegna aukins ferðamannastraums til borgarinnar. Efnt var til ótal mótmæla í fyrra, m.a. vegna „ölvunar ferðamennsku“ og hækkunar á fasteignaverði sem rekja má til uppgangs ferðaþjónustunnar.

Þá hafa borgarbúar kvartað yfir hávaða og rusli er fylgir ferðamönnum, miklu álagi á grunninnviði eins og samgöngur og að borgin sé að glata sjarma sínum. Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar er borgarstjórnin stóð fyrir telja borgarbúar að ferðamenn séu meira vandamál en fátækt.

Borgaryfirvöld hafa gripið til ýmissa aðgerða til að auðvelda samlíf borgarbúa og ferðamanna, m.a. með því að tímastjórna aðgengi að vinsælustu ferðamannastöðunum, banna stórum hópum ferðamanna aðgengi að mörkuðum á háannatímum og hækka sektir fyrir að leigja út íbúðir í óleyfi.

Borgarstjóri Barcelona, Ada Colau sem kjörin var í fyrra, vill ganga lengra en eitt fyrsta verkefni hennar sem borgarstjóri var að stöðva alla útgáfu á nýjum gistileyfum í eitt ár. Hún hefur einnig lagt til að setja þak á komu ferðamanna til borgarinnar.




# Áætlum að a.m.k. 10.000 störf muni skapast í ferðaþjónustu ef spá okkar gengur eftir

Með afleiddum störfum yrði fjölgun starfa sökum ferðamannafjölgunar líklega talsvert meiri

Gangi spá okkar um fjölgun ferðamanna eftir er ljóst að eftirspurnarþrýstingur á vinnumarkaði losnar ekki nema inn streymi erlent vinnuafli í meira mæli. Skv. spá okkar um fjölgun launþega í ferðaþjónustu verður hún á pari við fjölgun í mannaflanum, sem er gríðarlega fjölgun þar sem atvinnuþátttaka er orðin mikil og eftirspurn eftir vinnuafli fer vaxandi í ýmsum öðrum atvinnugreinum.

Spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að aðfluttur umfram brottflutta verði að meðaltali tæplega 1.300 fram til 2019 en ef spá okkar raungerist er líklegt að sú tala þarf að vera hærri, ef ekki kemur til mikillar framleiðni aukningar.




# Hótel í Reykjavík sprengja utan af sér að öðru óbreyttu

Ef ekkert verður fjárfest og spá okkar um fjölda ferðamanna gengur eftir

Myndin hér til hægri sýnir hvenær hótelherbergi í Reykjavík sprengja utan af sér, ef þau hafa ekki gert það nú þegar. Miðað við okkar spá munu þau gera það strax á fyrsta fjórðungi á næsta ári. Hér er gert ráð fyrir að gistingu á hótelum haldi áfram að fjölga í svipuðu hlutfalli við ferðamenn.

Fræðilega séð væri hægt að taka á móti talsvert fleiri ferðamönnum, án þess að ráðast í auknar fjárfestingar, með því að dreifa þeim betur í tíma og rúmi. Töluvert er af vagnýttu gistirými á landinu öllu utan háannatímans, jafnvel þótt ferðamönnum fjölgi samkvæmt spá okkar og fjárfesting standi í stað.



# Umræðan um þolmörk í hinum stóra heimi

Ísland er langt því frá að vera eina landið þar sem umræðan um þolmörk hefur skotið upp kollinum


Á **Möltu** hefur stefnumótun ferðaþjónustunnar það að leiðarljósi að hafa „stjórn“ á fjölda erlendra ferðamanna. Þar eru innviðir komnir að þolmörkum yfir háannatímam en eyjan er bæði lítil og fámenn.

**Filippseyjar** hafa dregist aftur úr nágrannaþjóðum sínum þegar kemur að ferðaþjónustu, einkum vegna þess að fjárfesting í innviðum hefur ekki verið nægileg. Sem dæmi heimsóttu 25 milljónir ferðamenna Tæland árið 2014, til Singapúr fóru 15 milljónir en aðeins 5 milljónir erlendra ferðamanna sóttu Filippseyjar heim.


**Goa**, lítið fylki á Indlandi, hefur á undanförunum árum verið yfirfullt af ferðamönnum, bæði erlendum og innlendum, sem leita í sól og sand. Yfir mesta ferðatímam hafa strendurnar látið á sjá enda grunninnviðir eins og sorphirða að kikna undan álaginu. Þetta hefur áhrif á upplifun ferðamannanna sjálfra sem og íbúa fylkisins.

Þá hefur ríkisstjórnin í **Nýja-Sjálendi** áhyggjur af því að ónæg fjárfesting í vegasamgöngum hafi áhrif á upplifun ferðamanna er heimsækja landið á meðan ríkisstjórn **Ástralíu** hefur hug á að beita sér fyrir uppbyggingu á grunninnviðum á vinsælum ferðamannastöðum.

Ferðamenn á hvern íbúa




Ferðamenn á hvern km<sup>2</sup>




# Hvar í heiminum hafa tekjur af ferðamönnum dregist saman?

Flest löndin eiga það sammerkt að vera stríðshrjáð eða glíma við versnandi öryggisástand og óstöðugleika

Breyting tekna af erlendum ferðamönnum í  
völdum löndum 2000-2015  
- USD á föstu verðlagi



Breyting tekna af erlendum ferðamönnum í  
völdum löndum 2010-2015  
- USD á föstu verðlagi





# Dæmisaga: Kanada, hvað gerðist?


Árið 2002 var Kanada 8. fjölsóttasta land í heimi, árið 2014 var það fallið í 17. sæti

Samkvæmt Viðskiptaráði Kanada hefur landið dregist aftur úr helstu ferðamannalöndum heims einfaldlega af því að það brást ekki við breyttum veruleika. Sífellt fleiri áfangastaðir standa ferðamönnum til boða og Kanada barðist ekki nóg fyrir sinni sneið af kökunni.

Auðvelt er að skella skuldinni á ytri áföll s.s. sterkari gjaldmiðil og efnahagskreppuna í Bandaríkjunum, en viðbragðsleysi af hálfu kanadískrar ferðaþjónustu spilar einnig lykilhlutverk.

Viðskiptaráð Kanada hefur lagt til að einfalda regluverkið, skatta og gjöld á atvinnugreinina og auka markaðssetningu til að auka samkeppnishæfni landsins.

Komur erlendra ferðamanna og tekjur af erlendum ferðamönnum  
- komur í þúsundum og tekjur í ma. USD á föstu verðlagi



Borgar sig að auglýsa? - fjárhæðir til markaðssetningar á heimsvísu árið 2011			
Land	Fjárhæð	Vöxtur fjárhæðar	Vöxtur í komum ferðamanna frá lykilmörkuðum
Írland	\$211M	Já	14%
Mexíkó	\$153M	Já	4%
Ástralía	\$147M	Já	30%
Malasía	\$128M	Já	257%
Suður-Afríka	\$118M	Já	7%
Frakkland	\$112M	Já	13%
Kórea	\$94M	Já	158%
Nýja Sjáland	\$89M	Já	83%
Brasilía	\$94M	Já	100%
Sviss	\$80M	Já	23%
<b>Kanada</b>	<b>\$72M</b>	<b>Nei</b>	<b>-10%</b>

# Breyttar efnahagsaðstæður í viðskiptalöndum skipta máli


Brexit veldur áhyggjum: 19% af ferðamönnum er koma til Íslands eru breskir, hlutur Bretlands í þjónustuútlutningi var 11% í fyrra.

Rannsóknir hafa sýnt að sterk tengsl eru á milli efnahagsástands í hverju landi og utanlandsferða íbúa þess. Til að mynda fækkaði utanlandsferðum Íslendinga um 13% árið 2008 og um 37% árið 2009.


Hin mikla lækkun olíuverðs marði hagkerfi Noregs og Rússlands. Líkt og sést hér til hliðar lækkuðu gjaldmiðlar þessara landa skarpt í kjölfarið og færri ferðamenn af þessum þjóðernum sóttu Ísland heim.

Í kjölfar Brexit eru margir uggandi yfir þeim áhrifum sem það getur haft á ferðamannaiðnaðinn enda hefur breska hagkerfið gefið eftir og pundið sigið. Enn sem komið er eru áhrifin þó ekki sjáanleg.


Erlendir ferðamenn og gengi gjaldmiðla þeirra



Breskir ferðamenn sem hlutfall af heildarfjölda ferðamanna



Breskir ferðamenn og gengi pundsins



# Sterkari króna hefur hingað til ekki staðið í ferðapjónustunni



Á sama tíma og krónan hefur styrkst hafa komur erlendra ferðamanna veldisvaxið

Enn sem komið er virðist gengið ekki hafa haft sýnileg áhrif á komu ferðamanna til Íslands.

Mögulega skýringu er að finna í fyrrgreindri rannsókn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þar sem bent er á að í tilfellum lítilli eyríkja skiptir flugframboð höfuðmáli fyrir komu ferðamanna á meðan gengisáhrifin vege minna.

Þá má vera að tímabilið sem liggur til grundvallar sé einfaldlega of stutt en rannsóknir sýna að til skemmri tíma hafi gengið meiri áhrif á eyðslu ferðamanna en komur þeirra.

Eyðsla á hvern ferðamann jókst árið 2015 eftir að hafa lækkað árið áður. Ekki er ósennilegt að aukinn fjöldi Bandaríkjamanna hafi spilað þar hlutverk en dollarinn var í miklum styrkingarfasa í fyrra.





# Neyslumynstur erlendra ferðamanna

---



Nokkrir lærdómar

# Sterkari króna hefur bitnað tiltölulega lítið á útgjöldum ferðamanna

...hingað til

Útflutningstekjur af ferðamönnum skiptast í ferðalög (almenna neyslu) og flug. Mesti vöxturinn hefur verið í almennri neyslu, enda þjónusta íslensk flugfélög fjölda farþega sem aldrei koma inn fyrir landamærin.

Neysla ferðamanna sveiflast eftir árstíðum, er meiri yfir sumartímenn þegar dvalartíminn er lengri, en styttri á veturna. Athyglisvert er að meðalneysla ferðamanna virðist hafa vaxið í erlendum gjaldmiðlum og því haldið nokkurn veginn velli í krónum talið. Það gefur til kynna að gengisstyrking síðustu misseri hafi haft minni áhrif en ætla mátti, en það er ekki á vísan að róa að svo verði áfram.




# Mikill breytileiki í neyslu eftir þjóðernum

Norðmenn eyða nærri því þrefalt meira en Bretar á hverja gistinótt

Liðurinn ferðalög í þjónustuútflytningi getur gefið okkur ýmsar upplýsingar um neyslumynstur ferðamanna. Neysla flestra þjóðerna, mælt í þeirra eigin mynt, jókst t.a.m. í fyrra. Efstu þjóðernin, Svisslendingar og Japanir, eru þó undantekning á því.

Mislangur dvalartími endurspeglast einnig í þessum tölum. T.d. dvelja Norðmenn fremur stutt, og líkt og 2014 skera þeir sig nokkuð úr á toppnum hvað varðar neyslu á gistinótt af löndunum hér. Þá má einnig sjá að þó að þjóðverjar neyti fremur mikið að meðaltali, þá er neysla þeirra á gistinótt frekar lítil þar sem þeir dvelja lengi á landinu.

Ferðalög í þjónustuútflytning á ferðamann og gistinætur\*  
- á föstu gengi heimagjaldmiðils ferðamanna






# Breytileiki í neyslu virðist jafnvel meiri ef við horfum til fleiri þjóðerna

Skekkjur í mælingum og takmarkanir gagna geta bjagað ályktanir

Hagstofan birtir þjónustuútflytning og gistinætur eftir fleiri löndum og má hér sjá hvernig sú mynd lítur út ef við bætum við öðrum löndum. Sjá má að fjögur lönd eru fyrir ofan Noreg í neyslu á gistinótt og sker Lúxemborg sig nokkuð mikið úr.

Hér gætu einkum tvær skekkjur haft talsverð áhrif. Í fyrsta lagi að mögulega eru íslensk fyrirtæki að veita ferðaþjónustu, aðra en flug, til ferðamanna sem aldrei koma til Íslands. Í öðru lagi eru vísbendingar um að skráðar gistinætur séu talsvert færri en þær eru í raun og veru.

Ferðalög í þjónustuútflytningu eftir þjóðernum á gistinótt árið 2015  
- krónur, þjóðerni sem eru með 4.000 gistinætur eða fleiri




# Kortavelta veitir einnig vísbendingu um neyslu ferðamanna

Gallinn er að margir kaupa pakkaferðir erlendis og greiða með reiðufé

Kortavelta er einnig algengur mælikvarði á neyslu ferðamanna. Þó að hún veiti ágæta innsýn er hún takmarkaður mælikvarði á neyslu ferðamanna þar sem pakkaferðir, greiðslur til erlendra söluaðila og notkun reiðufjár er einnig talsverð meðal ferðamanna og kemur ekki fram í kortaveltutölum.

Gengi krónunnar virðist einnig hafa haft fremur lítil áhrif á kortaveltu ferðamanna. Þó má sjá vísbendingar um slíkt þar sem kortavelta þeirra þjóðerna þar sem gengið hefur veikt mest gagnvart krónu, Norðmanna og Rússa, hefur dregist saman.

Kortavelta á ferðamann eftir þjóðernum að flugi undanskyldu  
- þ.kr. á breytilegu gengi og verðlagi




# Í hvað er dæmigerði ferðamaðurinn að eyða?

Gisting og ýmis ferðþjónusta (skipulagðar ferðir, ferðaskrifstofur og ýmis afþreying) vega þungt

Hinn dæmigerði ferðamaður sem hingað kemur ver mestum fjármunum sínum í gistingu. Þar á eftir kemur ýmis ferðþjónusta, en undir þann flokk falla ýmsar skipulagðar ferðir, afþreying og þjónusta ferðaskrifstofa. Síðustu ár má sjá vaxandi útgjöld sem tengjast bílaleigum, sem gefur vísbendingu um að ferðamenn séu í meira mæli að sækja út á land á eigin vegum.

Heilt yfir er neysla meðalferðamannsins í nokkuð föstum skorðum milli ára, að flugi undanskyldu. Gengi krónunnar hefur ekki haft mikil sýnileg áhrif á kortaveltu líkt og áður kom fram.




# Dvalarlengd þjóðerna á landinu öllu

Flestar þjóðir dvöldu skemur árið 2015 en áður

Af skráðum gistinóttu eyða þjóðverjar lengstum tíma á landinu og hafa lengt dvöl sína undanfarin þrjú ár. Flestar aðrar þjóðir frá meginlandi Evrópu hafa hins vegar stytta dvöl sína. Norðurlandabúar hafa lengt dvalir sínar lítillega milli ára en eru aftur á móti í styttri tíma en flestar aðrar þjóðir og undir meðaldvöl s.l. þrjú ár.

Í heildina hafa skráðar gistinætur á ferðamann nánast haldist óbreyttar allt frá árinu 2011, eða um 4,5 nætur. Árið 2015 lækkuðu þær aftur á móti niður í 4,4 gistinætur.




# Gisting á landsbyggðinni sækir á

Ferðamenn eyða hlutfallslega aðeins meiri tíma á landsbyggðinni en áður fyrr

Ferðamenn frá Skandinavíu og Bretlandi eyða töluvert meiri tíma á höfuðborgarsvæðinu samanborið við ferðamenn frá Suður og Suð-Vestur Evrópu. Kínverjar og Japanar hafa í auknum mæli fært dvöl sína á út á land og þá er hin mikla sókn Bandaríkjamanna til Íslands að beinast í meira mæli út á landsbyggðina, en árið 2013 eyddu Bandaríkjamenn 63% af dvöl sinni á höfuðborgarsvæðinu samanborið við 54% árið 2015.

Heilt yfir eyddu ferðamenn 53% af gistingu sínum á landsbyggðinni í fyrra, samanborið við 49% árið 2011. Uppbókuð hótél í höfuðborginni spila líklega hlutverk þar.

Dvalartími ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við heildardvöl



# Hvað segir kortavelta um mismunandi smekk þjóðerna?


Drögum frá reiðufé og flug áður en lengra er haldið á næstu blaðsíðum

Við höfum fengið gögn um kortaveltu eftir útgjaldaliðum og þjóðernum sem gefur dýpri skilning á neyslumynstri ferðamanna. Við viljum sjá hvernig það er mismunandi milli þjóðerna og yfir tíma, í hvað ferðamenn kjósa að verja peningum sínum í.

Áður en lengra er haldið drögum við reiðufé frá, þar sem við vitum ekki í hvað því er varið og notkun þess er mjög mismunandi milli þjóðerna. Einnig drögum við frá farþegaflutninga með flugi sökum þess að farþegar sem aldrei koma inn fyrir landamærin eru þar meðtaldir í einhverjum tilfellum.

Á næstu blaðsíðum sjáum við hlutfallslega kortaveltu eftir þjóðernum, ásamt ályktunum um hvað myndirnar þar segja okkur.

Hlutfall flugs og úttektar reiðufjár í kortaveltu






# Spánverjar og aðrir Suður-Evrópubúar virðast hafa mestan áhuga á því að ferðast á bílaleigubílum

Asíubúar og fólk frá Norður-Evrópu er síður spennt fyrir eigin ferðalögum


Bensín, bílaleigur, bílastæði o.þ.h. eftir þjóðernum  
-hlutfall í annarri kortaveltu en flugi og úttektum reiðufjár eftir þjóðernum



# Norðurlandabúar, Rússar og Kínverjar eru duglegastir í lunda- og fatabúðunum

Ítalir og Spánverjar eru síður spenntir


Gjafavara, minjagripir, föt og tollfrjáls verslun  
- hlutfall í annarri kortaveltu en flugi og úttekt reiðufjár eftir þjóðernum



# Norðurlandabúar eru duglegir að versla ýmislegt annað


Bretar og Kínverjar leggja minni áherslu á aðra verslun

Dagvöruverslun og önnur verslun ót.a.  
-hlutfall í annarri kortaveltu en flugi og úttektum reiðufjár eftir þjóðernum




# Norðurlandabúar gera sérstaklega vel við sig á veitingastöðum

Hvað borða Kínverjar og Pólverjar?




# Vægi gistingar í útgjöldum er nokkuð jafnt eftir þjóðernum

Fremur hátt t.d. hjá Bretum og Kínverjum, en lágt hjá Norðmönnum og Dönum



# Aftur á móti er mjög misjafnt hversu mikið ferðamenn sækja í afþreyingu og skipulagðar ferðir

Kínverjar með hæsta hlutfallið sl. sumar, Norðmenn það lægsta





## Fyrirtæki í ferðaþjónustu

---

Vel rekin fyrirtæki eru forsenda þess að hagkerfið njóti góðs af erlendum ferðamönnum





# Virðisaukaskattskyld velta í ferðaþjónustu endurspeglar aukin umsvif

10% af VSK veltu var í ferðaþjónustuskuldum atvinnugreinum árið 2010 – 16% í ár

Hér til hægri má sjá skiptingu og þróun virðisaukaskattskyldrar veltu í atvinnugreinaflokkum sem eru tengdir ferðaþjónustu. Hlutfallsleg skipting endurspeglar það sem áður hefur komið fram að íslensk flugfélög eru umsvifamikil og að erlendir ferðamenn verja háum fjárhæðum í gistingu, bílaleigu, veitingastaði og ýmsa afþreyingu.

Nýlega var lögum um virðisaukaskatt breytt svo margar ferðaþjónustutengdar atvinnugreinar greiða nú virðisaukaskatt, sem sést á mikilli aukningu VSK veltu í ár.




# Bílaleigur hafa haldið upp innflutningi fólksbíla

Bílaleigurnar nýskráðu 8.587 fólksbíla á fyrstu 8 mánuðum ársins – 54% nýskráninga á tímabilinu

Bílaleigur á Íslandi hafa notið góðs af fjölgun ferðamanna og velta þeirra hefur aukist mikið á síðustu misserum.

Bílaleigurnar hafa haldið uppi nýskráningum bifreiða undanfarin ár og er floti þeirra almennt ungur. Þannig hefur um helmingur bílaleigubíla sem eru nýskráðir síðustu 10 ár verið nýskráðir sl. 12 mánuði.

Aukin árstíðasveifla frá árinu 2009 endurspeglar nýskráningar bílaleigubíla, þar sem flestir eru skráðir á vorin og snemmsumars, þegar helsti ferðamannatíminn er að hefjast.




# Sprenging í nýskráningum hópbfreiða

Langt um fram það sem gerðist á síðasta hagvaxtarskeiði

Þeir sem koma nærri rekstri hópbfreiða sitja svo sannarlega ekki auðum höndum þessa dagana. Á fyrstu átta mánuðum ársins voru nýskráðar hópbfreiðir sem veга meira en 5 tonn 230 talsins og 88 voru skráðar sem veга minna en 5 tonn. Frá ársbyrjun 2011, eða um það leyti sem ferðamannsprengjan hófst hafa 1.002 hópbfreiðir verið nýskráðar, þar af 588 sem veга meira en 5 tonn.

Mikil árstíðarsveifla er í nýskráningum hópbfreiða og eru þær, líkt og bílaleigubílar, flestar skráðar á vorin og snemmsumars þegar helsti ferðamannatíminn er að hefjast.

Nýskráningar hópbfreiða eftir ársfjórðungum\*




# Fjölgun fyrirtækja í ferðapjónustu heldur áfram

Hefur almennt verið talsvert hraðari en í öðrum atvinnugreinum – 337 ný ferðapjónustufyrirtæki í fyrra

Fyrirtækjum í ferðapjónustu hélt áfram að fjölga í fyrra líkt og síðustu ár. Hröðust var fjölgunin í flokkum ferðaskipuleggjenda, gististaða og ráðstefna og vörusýninga.

Líkt og síðustu ár var fjölgun veitingastaða hlutfallslega lítil miðað við aðrar atvinnugreinar tengdar ferðapjónustu en slíkum fyrirtækjum fjölgaði þó um 39. Einnig varð samdráttur í fjölda fyrirtækja í flugi, en heildarfjöldinn þar er lítill sem litar tölurnar, auk þess sem stærðarhagkvæmni í slíkri starfsemi er fremur mikil.



Það kemur ekki fram hér, en skv. tölum Hagstofunnar hefur meðalfjöldi starfsmanna hækkað hjá ferðapjónustutengdum fyrirtækjum. Það gefur vísbendingu um aukið stærðarhagræði.



# Lítill merki um útlánabólu í ferðapjónustu

Vöxtur útlána almennt lítill og útlán til ferðapjónustu eru eingöngu 10% af heildarútlánnum


Eitt helsta viðvörðunarkerfi um bólu á mörkuðum er ef útlán taka að aukast hratt. Ef við horfum á útlán banka til þjónustugreina og samgangna á vinstri myndinni er erfitt að sjá vísbendingar um óheilbrigðan útlánavöxt. Raunar kemur á óvart að vöxturinn sé ekki meiri sökum þess að ferðapjónustan er að vaxa mjög hratt og fjárfestingar að vaxa mikið. Því má velta því fyrir sér hvort gögn Seðlabanks gefi ekki nægilega skýra mynd. Einnig gæti verið að félög utan hins hefðbundna bankakerfis og bankar utan landssteinana hafi að miklu leyti fjármagnað fjárfestingu í ferðapjónustu.




# Meira um eignaleigu í þjónustu og meira um erlenda fjármögnun í samgöngum og flutningum heldur en annarsstaðar

Ekki heldur að sjá merki um mikinn útlána vöxt í nýjum útlánum

Skipting hreinna nýrra útlána



Útlán og meðalupphæð þeirra - m.kr. eftir ársfjórðungum




## Hæg aukning skulda fram til 2014 miðað við ársreikninga

Meðalskuldir jukust mikið 2015 en líklegt er að stór fyrirtæki séu fyrri til að skila ársreikningum sem lyftir upp meðaltalinu

Ef við skoðum gögn úr ársreikningum fyrirtækja í ferðaþjónustutengdum atvinnugreinum er ekki að sjá verulegan vöxt skulda til 2014. Aftur á móti tóku meðalskuldir stökk upp á við 2015 í mörgum atvinnugreinum, en leiða má líkur að því að ástæðan sé sú að stór fyrirtæki eru fljótari en lítil til að skila ársreikningum. Einungis þriðjungur af þeim fyrirtækjum sem hafa skilað ársreikningum fyrir árið 2014 hefur skilað ársreikningum fyrir 2015.

Mikil skuldaaukning er eitt algengasta einkenni bólmýndunar svo að því leyti til er að skuldaaukningin hafi verið hæg.

Heildarskuldir fyrirtækja í ferðaþjónustutengdum greinum\*\*  
- milljarðar króna á föstu verðlagi






# Eiginfjárstaða hefur almennt séð batnað síðustu ár

Meiri skuldir árið 2015 eru bakkaðar upp af auknu eigin fé


Ef horft er til eiginfjárlutfalls hefur það sigið upp á við í ferðapjónustu undanfarin ár ef við horfum á miðgildi eiginfjárlutfalls. Eiginfjárlutfallið er hæst í flutningum en lægst í veitinga- og gistipjónustu.

Ef litið er til heildarupphæðar eigin fjár sést að staðan hefur batnað enn meira en kannski virðist í fyrstu. T.d. hefur eiginfjárstaða í rekstri gististaða farið úr neikvæðri sem nemur 11 ma.kr. í næstum 11 ma.kr. jákvæða eiginfjárstöðu frá 2010 til 2014.

Eiginfjárlutfall í ferðapjónustutengdum greinum\*\*  
- miðgildi



Heildar eigið fé í atvinnugreinum  
- ma.kr. á föstu verðlagi




# EBITDA í ferðapjónustu hækkar, en kannski minna en ætla mætti?

Afkoma hefur almennt batnað – þó ekki að sjá stórkostlegt uppgrip allsstaðar

Mjög misjafnt er hvernig rekstrarhagnaður hefur þróast í ferðapjónustunni síðustu ár. T.d. má sjá mikinn vöxt EBITDA í flutningum með flugi og hlutfallslega mikinn vöxt EBITDA í rekstri gististaða. Í leigustarfsemi, sem er að mestu leyti bílaleigur, hefur EBITDA vaxið hægar en ætla mætti í fyrstu þar sem mikill vöxtur hefur verið í þeirri starfsemi.

Hjá ferðaskrifstofum og svipaðri starfsemi er EBITDA fremur lítil og hefur tekið mikla sveiflu svo erfitt er að fullyrða um þróunina þar. Í flutningum á landi hefur afkoma batnað nokkuð.

EBITDA að meðaltali í ferðapjónustutengdum atvinnugreinum  
-m.kr. á föstu verðlagi-




# Afkoma í hlutfalli við tekjur gefur misvísandi skilaboð

Misjafnt hvort afkoma hafi batnaðar hraðar eða hægar en tekjur

Ef við skoðum vergan rekstrarafgang, sem er ágæt nálgun á rekstrarhagnað (EBITDA), má sjá að það er frekar mismunandi milli atvinnugreina hvernig hann hefur þróast í hlutfalli við tekjur. Þá er hlutfallið sjálft einnig mjög breytilegt.

Athuga skal að atvinnugreinaflokkunin hér er ekki sú nákvæmlega sama og í gögnum Creditinfo og margar atvinnugreinar ótengdar ferðaþjónustu gætu litað gögnin.

Vergur rekstrarafgangur/rekstrartekjur




# Hefur framleiðni vinnuafls í ferðapjónustu batnað?

Gögn eru af skornum skammti en takmarkaðar vísbendingar benda til nokkuð bættrar framleiðni

Með auknum umsvifum í ferðapjónustu og minni árstíðarsveiflu hefur afkoma batnað talsvert. Í síðustu ferðapjónustuskýrslu okkar fjölluðum við um að vísbendingar væru um að framleiðni hefði aukist lítið í ferðapjónustu. Hefðbundnir mælikvarðar gefa til kynna misvísandi vísbendingar um hvernig hún hefur þróast. Hér til hægri má þó sjá að líkur eru á að framleiðni hafi aukist talsvert í atvinnugreinaflokkum sem eru tengdir ferðapjónustu þar sem verðmætasköpun á hvern starfsmann hefur aukist.

Undantekningarnar eru fyrst og fremst flutningar á sjó og vatnaleiðum, þar sem vöruflutningar á sjó falla undir, og í leigustarfsemi. Það kemur nokkuð óvart að sjá samdrátt í virðisauka í leigustarfsemi, en kannski ekki svo mikið þar sem EBITDA í þrengra skilgreindri leigustarfsemi (þ.e. sem snýr að ferðapjónustu og inniheldur t.d. ekki leigu á vélum og tækjum), hefur vaxið lítið.

Virðisauki á hvern starfsmann  
- m.kr. á ári á föstu verðlagi




# Þó að virðisauki hafi aukist tók það a.m.k. tíma fyrir laun að taka við sér

Höfum ekki þróunina frá kjarasamningum árið 2015 og hlutfall fólks í hlutastörfum gæti haft áhrif

Aukinni verðmætasköpun virðist hafa fylgt fremur lítil launahækkun á árunum 2010-2014. Athyglisvert verður að sjá samsvarandi tölur fyrir árið 2015 og árið í ár þegar kaupmáttur vex mikið en leiða má líkur að því að þróunin hafi verið launþegum í ferðaþjónustu hagstæðari síðan þá.

Þá má nefna að það hefur komið í ljós að íslensk fyrirtæki höfðu meira svigrúm til að taka á sig launahækkunar síðustu missera heldur en margir óttuðust. Staðnaður kaupmáttur í samhengi við aukinn virðisauka á hvern starfsmann er dæmi um það svigrúm.

Kaupmáttur launþega  
-laun á föstu verðlagi, m.kr. á ári







## Gistimarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

---



Framboð hótélherbergja eykst og  
nýting batnar

# Stóraukið herbergjaframboð á milli ára

Nýtingin heldur áfram að batna þrátt fyrir stóraukið framboð

Framboð hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu jókst gífurlega á milli ára þegar tæplega 900 herbergi bættust við, eða um 27% framboðsaukning. Herbergjaframboð hefur nú aukist um 52% 2010-2015 en hefur þó ekki náð að halda í fjölgun ferðamanna sem hafa fjölgað um 175% á sama tíma.

Nýting hótélherbergja jókst um eitt prósentustig þrátt fyrir aukið framboð og hækkaði nýting að jafnaði úr 55% í 79% á milli 2010 og 2015.







# Nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu

Töluvert betri en utan höfuðborgarsvæðisins, en landsbyggðin sækir á

Afar jákvæð þróun hefur átt sér stað undanfarin ár þar sem nýting utan háannatíma hefur sífellt batnað og er árið í ár engin undantekning. Nýting nam t.a.m. 92% í febrúar og 89% í mars. Til samanburðar má nefna að nýting í febrúar 2009 nam 47%. Það stefnir í metnýtingu hótélherbergja fyrir árið í heild.

Nýting á höfuðborgarsvæðinu heldur áfram að vera talsvert betri en á landsbyggðinni. Landsbyggðin sækir hins vegar á og hefur nýting þar verið talsvert betri á fyrstu mánuðum ársins heldur en síðastliðin ár.




# Nýting á höfuðborgarsvæðinu mjög góð í evrópsku samhengi

Nýting á höfuðborgarsvæðinu var betri en í Amsterdam, París og Berlín 2015

Nýtingarhlutfall hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu hélt áfram að vera mjög hátt í evrópskum samanburði 2015. Í því samhengi ná nefna að nýtingarhlutfallið var hærra en í bæði París og Berlín. Nýtingarhlutfallið í París dróst saman um 4% milli ára og hafa hryðjuverkaárásirnar í nóvember 2015 eflaust haft áhrif.

London trónaði á toppinum í fyrra líkt og undanfarin ár en Dublin sótti hart á. Nýtingarhlutfallið þar jókst um 4% milli ára.

Nýting hótélherbergja í völdum evrópskum borgum 2015




# Gistiverð er töluvert hærra á háannatíma en utan hans

Meðalverð gistingar (ADR) 24 hótela á höfuðborgarsvæðinu


Meðalverð á gistingu á háannatímum (jún-ágú) hefur hækkað töluvert undanfarin ár, eða um 53% frá árinu 2010. Í sumar greiddi ferðalangur að jafnaði 25.200 krónur fyrir nóttina.

Verð utan háannatíma hefur á sama tíma hækkað um 39% en hefur þó hækkað hlutfallslega meira en verð yfir háannatímamann undanfarin þrjú ár. Á milli janúar og maí í ár greiddu ferðalangar að jafnaði um 14.900 krónur fyrir nóttina á höfuðborgarsvæðinu.

Meðalverð gistingar (ADR) á höfuðborgarsvæðinu - þús. kr.



Meðalverð gistingar (ADR) á höfuðborgarsvæðinu - þús. kr.




# Meðalverð (ADR) var í meðallagi m.v. evrópskar stórborgir 2015

Meðalverð hefur hækkað töluvert framan af ári í evrum talið vegna styrkingar krónunnar

Í evrum talið hefur meðalverð gistingar á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 37% undanfarin fjögur ár. Styrking krónunnar gagnvart evru á sama tímabili nam 16,9%.

Heilt yfir var verð gistingar á höfuðborgarsvæðinu í meðallagi árið 2015 en miðað við styrkingu krónunnar framan af ári 2016 og hækkunar á verði í íslenskum krónum má reikna með að Ísland klifri vel upp listann fyrir árið 2016.

Hér er ekki leiðrétt fyrir gæði hótela og mikilvægt að hafa í huga að enn eru engin fimm stjörnu hótél eru á Íslandi.





# Herbergistekjur vaxa töluvert í íslenskum krónum...

Í úrtakinu eru 24 hótél í Reykjavík

Líkt og meðalverð þá hafa herbergistekjur hækkað undanfarin ár. Sérstaklega hafa herbergistekjur aukist utan háannatíma sem skýrist af sífellt betri nýtingu utan sumarmánaðanna.

Herbergistekjur á háannatíma jukust um 9% milli ára 2016 og 2015.

Hlutfallslega hafa herbergistekjur aukist hraðar en meðalverð gistingar undanfarin ár, sem á skýringu að rekja til sífellt betri nýtingu herbergja.




## ... og vaxa enn meira í evrum talið

Ísland klifraði upp í 5. sæti listans árið 2015 og stefnir enn hærra 2016

Líkt og meðalverð gistingar þá hafa herbergistekjur á höfuðborgarsvæðinu vaxið hratt í evrópskum samanburði. Ísland vermdi þó enn 8. sæti listans árið 2015 líkt og árið á undan en sækir hart að borgum eins og Róm, Amsterdam og Mílanó.

Miðað við gengisþróun og herbergistekjur framán af þessu ári og spár um herbergistekjur í Evrópu fyrir árið 2016 mun Ísland færa sig upp í 5. sæti listans í ár.




# Verð gistingar og gistipjónustu hefur hækkað verulega

Ennþá eru töluverðar í sveiflur í verði gistingar og í þjónustu hótela og gistiheimila

Á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um u.þ.b. 30% frá árinu 2009 þá hefur verð á gistingu hækkað um tæplega 55%.

Yfir sama tímabil hefur verð á þjónustu hótela og gistiheimila hækkað um 78%.

Ennþá eru töluverðar í sveiflur í verði gistingar og í þjónustu hótela og gistiheimila. Áhugavert verður að sjá hvort þær sveiflur fari minnkandi á næstunni.





# Áætlun á fjölda hótélherbergja í höfuðborginni


Fjölgun hótélherbergja er nauðsynleg til að mæta auknum straumi ferðamanna

Töluverð aukning varð á hótélherbergjum á höfuðborgarsvæðinu 2015. Á þessu ári hafa nú þegar bætt við ríflega 300 herbergi og má gera ráð fyrir því að í lok árs verði heildarframboð herbergja í kringum 4.560.

Ef fram fer sem horfir bætist töluvert við framboðið á komandi árum og má reikna með rúmlega 7.000 hótélherbergjum í árslok 2020. Nokkur óvissa er þó í kringum vissar framkvæmdir og gætu því verklok tafist fram til 2020, jafnvel 2021.

Einnig eru nokkur fræðileg hótélverkefni í Reykjavík sem eru ekki í áætluninni, t.d. í Kringlunni, Lágmúla og Sundahöfn, og er mögulegur herbergjafjöldi þeirra um 1.450.

Áætlun um hótélbyggingar





Hótel	Herbergjafjöldi
Hlíðarendi	360
Grensásvegur 1	350
Mariott Edition Reykjavík	250
Icelandair Parliament	160
Laugavegur 176	120
Suðurlandsbraut 18	120
Tryggvagata	107
Laugavegur 99	101
Grand Hotel	110
Íslandshótel - Lækjargata	100
Centerhotels Midgard	100
Skipholt 1	84
Grensásvegur 16A	75
Reykjavík Consulate Hotel	70
Grandagarður 2	70
Laugavegur 34-36	60
Laugavegi 55	58
Ármúli 5	57
Vegamótastígur 7-9	40
Hjálpræðisherinn	30
Centerhotels Skjaldbreið	27
Hverfisgata 4-6	15
<b>Samtals</b>	<b>2464</b>

# Hótelherbergi segja ekki alla söguna

Fjöldi gistinguáttanna erlendra ferðamanna á hótélum á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað hlutfallslega

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu þá hefur hótéluppbygging ekki náð að halda í fjölgun ferðamanna og er því ljóst að þeir sæki í annars konar gistingu. Í fyrra kusu um 65% ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu að verja tíma sínum á hótélum samanborið við 80% árið 2008.

Ef horft er til fjölda skráðra gistinguáttanna hefur hver ferðamaður varið að jafnaði 4,5 gistinguáttum á landinu öllu s.l. fimm ár. Kannanir Ferðamálastofu hafa hins vegar ítrekað bent til þess að ferðamenn eyði að jafnaði 7,6 nóttum á landinu öllu. Sé tekið tillit til þess má því áætla að 42% af gistinguáttum 2015 hafi verið óskráðar og farið fram m.a. í gegnum deiliahagkerfið.





# Deiliahagkerfið stækkar

Gistirýmum á Airbnb fjölga og nýting er góð

Deiliahagkerfið hefur farið vaxandi samhliða auknum ferðamannafjölda og voru um 3200 eignir skráðar á síðuna Airbnb í júlí síðastliðnum. Í Ferðamálapúls Ferðamálstofu kom nýverið fram að um 20% ferðamanna kjósi Airbnb sem gistinguátt. Þá hefur einnig verið töluverður uppgangur hjá húsbílaleigum undanfarin ár og hafa t.d. 211 slíkir húsbílar verið nýskráðir frá ársbyrjun 2015.

Nýtingarhlutfall hjá virkum Airbnb eignum er einnig hátt og er helmingur virkra eigna með nýtingarhlutfall yfir 60% að jafnaði yfir árið.





## Gistimarkaðurinn utan höfuðborgarsvæðisins

---

Vægi gistiheimila og annars konar  
gistingar er töluvert herra en vægi  
hótela á landsbyggðinni


# Samsetning gistimarkaðarins er talsvert öðruvísi á landsbyggðinni

Gistiheimili og önnur gisting vinsælli en hótél utan Suð-Vesturhornins

Hótél og gistiheimili skipuðu stærstan hluta gistinótta á Suð-Vesturhorninu árið 2010 og gerðu það enn árið 2015. Annars konar gisting, s.s. íbúðagisting, útvegaði hins vegar hlutfallslega fleiri gistinætur 2015 en hún gerði árið 2010.

Á Suðurlandinu óx umfang hótela nokkuð á milli samanburðarára en annars konar gisting útvegaði þó enn þorra gistinga árið 2015.

Hótelgisting skipaði lítinn sess í heildargistinóttum annars staðar á landsbyggðinni og fór megnið af gistinóttum í gegnum gistiheimili og annars konar gistingu.



# Suðurnes


Framboð eykst mikið hlutfallslega og nýting batnar

Framboð hótélherbergja jókst um 17% á milli árunna 2014 og 2015. Samhliða auknu framboði þá batnaði nýting um 6 prósentustig á milli ára.


Á árabílinu 2010-2015 jókst herbergjaframboð á Suðurnesjum um tæplega 63% og nýting um 22 prósentustig.

Utan höfuðborgarsvæðisins var nýting hótélherbergja best á Suðurnesjum árið 2015.

Hótélherbergi á Suðurnesjum  
- framboð, þar af í nýtingu að jafnaði



Suðurnes





# Suðurland

Mikil aukning í herbergjafjölda og nýting utan háannatíma batnar

Á milli árana 2013 og 2015 jókst framboð hótélherbergja á Suðurlandi gífurlega og nærri tvöfaldaðist. Samhliða auknum herbergjafjölda batnaði nýting töluvert á milli ára og var að jafnaði 50% yfir árið 2015 samanborið við 39% árið 2010.

Nýtingarhlutfall heldur áfram að aukast á þessu ári og árstíðarsveiflan minnkar sömuleiðis.





# Vesturland og Vestfirðir

Nýting batnar á milli ára en ennþá töluverð árstíðasveifla

Nýtingarhlutföll hafa vaxið jafnt og þétt á Vesturlandi og Vestfirðum undanfarin ár. Töluverð uppbygging er á svæðinu og má þar nefna að í Borgarnesi er verið að reisa nýtt hótél ásamt því að verið er að stækka tvö hótél á svæðinu.

Árstíðasveiflan í nýtingu hótélherbergja fer minnkandi en er þó enn töluverð.







# Norðurland

Veruleg aukning varð á framboði hótélherbergja en nýting dróst eilítið saman

Herbergjafjöldi jókst um 38% á milli ára en nýting dróst lítillega saman eða um eitt prósentustig.

Nýting utan háannatíma á Norðurlandi virðist vera að taka við sér og verður áhugavert að fylgjast með framganginum á næstu mánuðum.



# Austurland


## Nýting batnar samhliða töluverðri framboðs aukningu

Stóraukning varð á herbergjaframboði á Austurlandi 2015 eða um 44%. Samhliða jókst nýtingarhlutfall um fimm prósentustig og var 40% að jafnaði yfir árið. Gistinóttum á hótélum fjölgaði um 55% á milli ára.


Hótelgisting nam aðeins um 16% af heildargistinóttum á svæðinu árið 2014 en um 21% árið 2015.

Töluverð árstíðarsveifla hefur verið í hótelnýtingu á svæðinu undanfarin ár en nýting utan háannatíma hefur batnað mjög framan af ári 2016.

Hótelherbergi á Austurlandi  
- framboð, þar af í nýtingu að jafnaði



Austurland




# Samhengið

## Framboð hótélherbergja eykst þvert á landið

Á heildina litið jókst framboð hótélherberja í öllum landshlutum árið 2015 og útveguðu hótél rúmlega 45% af heildargistinóttum það árið. Hótelgisting stóð hins vegar undir hlutfallslega fáum gistinóttum á Norður-, Austur- og Vesturlandi samanborið við gistiheimili og annars konar gistingu, t.d. íbúðagisting og tjaldstæði. Sá gistimáti sá um liðlega 80% af gistinóttum á þeim svæðum.

Miðað við nýtingu hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu þá er ljóst að auknum ferðamannastraumi væri hægt að beina út á land í meira mæli en áður þar sem nýtingarhlutföll eru lægri, sérstaklega utan háannatíma.





## Uppbygging innviða: Hvar þarf að fjárfesta?

---

# Aukinn ferðamannafjöldi reynir á ýmsa innviði hagkerfisins

Ferðamannastraumurinn skapar aukið álag á vegakerfið en reynir einnig á löggæslu og heilbrigðiskerfi

Flokka má innviði samfélagsins:




## 1) Hagrænir innviðir:

- Flugvellir
- Vegakerfi
- Hafnir
- Göngustígar og útsýnispallar
- ofl.

## 2) Félagslegir innviðir

- Heilbrigðisþjónusta
- Lögregla
- Skólar
- ofl.

Fjölgun ferðamanna reynir fyrst og fremst á samgöngur s.s. flugvelli, vegakerfi og hafnir en einnig á félagslegu innviðina s.s. löggæslu og heilsugæslu.





# Búið að leggja fram þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar til ársins 2040

Langtímaáætlun um uppbyggingu flugvallarins til að ráða við hraða fjölgun ferðamanna

Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar var kynnt á fundi í október 2015.

Fyrstu framkvæmdir hófust í ár og verður verkið unnið í áföngum.

Áætlað er að fjárfesting næstu 5 árin sé á bilinu 50 til 100 ma.kr. samtals eða 10 – 20 ma.kr. á ári.

Stjórn Isavia hefur samþykkt að hefja fjárfestingar fyrir 20 ma.kr. á þessu ári.



# Næstu verkefni við uppbyggingu Leifsstöðvar


Horft á aukna afkastagetu og stækkun flugvallarins til að mæta verulegri aukningu á flugframboði í vetur

Undanfarin misseri hefur meiri áhersla verið lögð á að auka afkastagetu flugvallarins frekar en að stækka sem fyrst.

Í fyrsta lagi hefur verið ýtt undir flug utan háannatíma og í öðru lagi eru flugfélögin að fljúga stærri vélum eða breiðbotum og nýta þannig „slottin“ betur.

Engu að síður er nauðsynlegt að stækka flugvöllinn og er gert ráð fyrir fjárfestingu sem nemur 20 ma.kr. á þessu ári og því næsta.

- **Gert er ráð fyrir 20 ma.kr. fjárfestingum á þessu ári og því næsta:**
  - Komusalur (800 m<sup>2</sup>).
  - Farangurs- og töskusalur (3000 m<sup>2</sup>).
  - Suðurbyggingu til vesturs (5000 m<sup>2</sup>).
  - Landamærasalur stækkaður (opnar 2017).
  - Fjölgun rútuþliða.
- **Næstu skref:**
  - Fjölga flugvélastæðum.
    - Fyrst um sinn verður fjarstæðum fjölgað en næsta skref er að fjölga tengingum við flugstöð.
  - Byggja austurálmum til að tengja flugvélastæði.
  - Stækkun norðurbyggingar.




# Helsta áskorunin er að stækka á hæfilegum hraða

Stækka í takt við vaxandi ferðamannastraum en auka afkastagetu á sama tíma

Það hefur gefið góða raun undanfarin misseri að leggja áherslu á að auka afkastagetu vallarins og sem dæmi hvetja flugfélög til að fljúga utan háannatíma.

Áskorunin næstu árin er að stækka völlinn á hæfilegum hraða, hámarka afkastagetu en á sama tíma halda ferðamönnum ánægðum. Erfitt er að stækka of hratt en stöðugildum fjölgar gjarnan um 0,5 til 1 á hverja þúsund farþega á flugvallarsvæðinu. Það getur reynt verulega á vinnumarkaðinn.

- **Hámarka þarf afkastagetu** flugvallarins samhliða stækkun.
- **Erfitt að stækka hratt.** Stöðugildum í kringum Keflavíkurlugvöll gæti fjölgað um 500 til 1.000 á ári að minnsta kosti næstu árin.
- **Fjárfestingarþörf og hraði uppbyggingar á Keflavíkurlugvelli** ræðst af:
  - Þróun á flugframboði næstu árin.
  - Samkeppnishæfni flugvallarins.
  - Dreifing á álagi yfir daginn og markmiðið að draga úr háannatíma.
  - Eftirspurn eftir Íslandi sem áfangastað og hve hratt ferðamönnum fjölgar.






# Má efla innanlandsflug frá Keflavíkurflugvelli til að dreifa ferðamönnum betur?

Farþegum í innanlandsflugi fækkar á flestum flugvöllum á meðan erlendum ferðamönnum fjölgar


Farþegum í innanlandsflugi hefur almennt séð fækkað undanfarinn áratug. Reykjavíkurflugvöllur er undanskilinn til að tvítelja ekki innlenda farþega en sést er að þeim hefur fækkað undanfarin ár.

Á sama tíma hefur erlendum gestum um Keflavíkurflugvöll fjölgað gríðarlega hratt. Mögulegt er að auka innanlandsflug með erlenda ferðamenn beint frá Keflavíkurflugvelli og dreifa ferðamönnum betur um landið. Þannig má nýta betur gistirými utan Suðvesturhornsins.

Innanlandsfarþegar og erlendir gestir  
- fjöldi farþega um íslenska flugvelli



Nýting hótelherbergja árið 2015




# Fjárfesting í ferðapjónustu vex sem hlutfall af heildarfjárfestingu

Fjárfesting í kjarnagreinum ferðapjónustu hefur vaxið hratt og var um 9% af heildarfjárfestingu árið 2015

Fjárfesting í atvinnugreinum tengdum ferðapjónustu hefur vaxið hratt á síðustu árum líkt og önnur atvinnuvegafjárfesting.

Í einkageiranum má því sjá aukna fjárfestingu í flugvöllum, flugsamgöngum, starfsemi ferðaskrifstofa og hótél- og veitingarekstri.

Aftur á móti hefur fjárfesting hins opinbera í innviðum vaxið hægar og verið undir langtíma-meðaltali.





# Fjárfesting hefur náð langtímameðaltali sem hlutfall af VLF

Fjárfesting hins opinbera og fjárfesting í íbúðarhúsnæði er þó enn nokkuð undir langtímameðaltali

Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF) hefur verið undir langtímameðaltali frá árinu 2009.

Fjárfesting á 2F árið 2016 nam 22,6% af VLF en langtímameðaltalið er 21%.

Helstu frávikin frá meðaltali má greina í og fjárfestingu hins opinbera og íbúðafjárfestingu. Atvinnuvegafjárfesting hefur rétt úr kútnum. Skortur á fjárfestingu hjá hinu opinbera getur bitnað á innviðum landsins sem þurfa að þola álag vaxandi fjölda ferðamanna.



# Fjárfesting hins opinbera er hins vegar lítil í sögulegu samhengi


Fjármunaeign hins opinbera hefur því dregist saman frá árinu 2009 að raunvirði

Fjárfesting hins opinbera hefur verið sögulega lítil undanfarin ár og jafnvel verið minni en afskriftir.

Líta þarf aftur til ársins 1997 til að finna jafnlágt fjárfestingastig hjá hinu opinbera.

Sérstaklega hefur verið dregið úr viðhaldi á vegum, brúm og byggingum hins opinbera.

Fjármunaeign hins opinbera hefur því dregist saman að raunvirði síðustu ár.





# Aðhald í ríkisfjármálum hefur haldið aftur af fjárfestingu hins opinbera

Á langt í land til að ná langtímameðaltali sínu

Aðhald í ríkisfjármálum og hjá sveitarfélögum vegna mikilla skulda hefur haldið aftur af fjárfestingu hins opinbera.

Vísbendingar eru um að uppsöfnuð fjárfestingarþörf sé að skapast hjá hinu opinbera. Sérstaklega er þörf á viðhaldi núverandi innviða og uppbyggingu á nýjum innviðum til að ráða betur við aukinn ferðamannastraum.





# Fjárfesting í vegasamgöngum hefur ekki haldið í við fjölgun bifreiða

Árið 2015 var fjárfesting í vegum og brúm helmingi minni en árið 1995

Ef lítið er á fjárfestingu í vegum og brúm hefur hún dregist verulega saman undanfarna tvo áratugi og er helmingi minni árið 2015 en hún var árið 1994.

Þegar lítið er til fjölgunar innfluttra bíla kemur í ljós að fjárfesting á hverja bifreið er tæplega 40% undir langtíma-meðaltali.

Aukið álag á vegakerfið vegna aukins ferðamannastraums getur kallað á frekara viðhald og framkvæmdir en ella og aukið uppsafnaða fjárfestingaþörf.




# Mikil uppsöfnuð þörf eftir fjárfestingum í vegum og brúm ef miðað er við bifreiðafjölda

Gróflega má áætla að uppsöfnuð fjárfestingaþörf í vegum og brúm sé rúmlega 20 ma.kr. frá árinu 2011

Ef miðað er við að fjárfesta þurfi í vegakerfinu í takt við fjölgun bifreiða má meta gróflega hver fjárfestingaþörfin er á ári hverju.

Miðað við slíkt einfalt mat má gróflega áætla að uppsöfnuð fjárfestingaþörf í vegum og brúm frá árinu 2011 sé í kringum 23 ma.kr. á föstu verðlagi.



# Meirihluti Íslendinga vill leggja áherslu á uppbyggingu innviða


Þriðjungur telur að leggja þurfi áherslu á samgöngur og fjórðungur að byggja þurfi upp salernisaðstöðu

Könnunin í ár og í fyrra sýnir að meirihluti Íslendinga vill leggja áherslu á uppbyggingu innviða og bæta aðgengi og skipulag.

Þriðjungur landsmanna vill að hið opinbera leggi meiri áherslu á samgöngur og vegakerfi.

Einnig er tæplega þriðjungur hlynntur því að skoða gjaldtöku, skattlagningu eða einhvers konar verðlagningu á aðgengi ferðamanna að náttúru landsins.

Hvaða 3 atriði finnst þér að hið opinbera eigi að leggja mesta áherslu á næstu 5 árin, til að stuðla að uppbyggingu íslenskrar ferðapjónustu?







# Ferðamenn hafa engu að síður almennt verið ánægðir með innviði landsins

Almennt ríkir ánægja með ástand vega, útsýnisstaða og göngustíga en getur það breyst?

Meirihluti ferðamanna virðist almennt séð ánægður með innviði landsins. Yfir 80% ferðamanna gefa útsýnisstöðum og göngustígum einkunnina 8 eða hærra. Tæplega 70% ferðamanna gefa hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum einkunnina 8 eða hærra.

Það sama á við um mat ferðamanna á ástandi vega en á bilinu 65% til 70% ferðamanna eru ánægðir með vegakerfið og gefa því einkunnina 8 eða hærra.



# Gjaldtaka þarf að vera hagkvæm og skilvirk

Best er ef tekjur renna til viðkomandi ferðamannastaðar eða sveitarfélags og styðja við uppbyggingu

Komu- eða brottfarargjald myndi endurspeglast í verði á flugmiðanum og því yrði ferðamaðurinn rukkaður áður en hann er kominn til landsins.

Gistináttaskattur og bein gjaldtaka á ferðamannastöðum hefur þann kost að lagt er gjald á þá þjónustu sem ferðamaðurinn nýtir sér.

Nýsjálenska leiðin hefur einnig þann kost að gjald er lagt á þá þjónustu sem er veitt en erfitt getur verið að flokka með skýrum hætti hvaða þjónusta teljist ferðaþjónusta.


- Helstu leiðir til gjaldtöku:
  1. **Komu- eða brottfarargjald** sem er lagt á flug til eða frá landi.
  2. **Gistináttaskattur** er í dag 100 kr. á gistieiningu og skilar ríkissjóði um 300 m.kr. á ári.
  3. **Bein gjaldtaka** á ferðamannastöðum.
    1. Ein útfærsla er að selja passa á stærri ferðamannasvæði eins og Náttúrupassinn.
    2. Önnur útfærsla er að rukka fyrir aðgang og/eða bílastæði á einstaka ferðamannastöðum.
  4. **Nýsjálenska leiðin** er að leggja þjónustugjald á þá sem starfa innan atvinnugreinarinnar.
- Mikilvægast þegar hugað er að gjaldtöku er:
  - Að hver ferðamannastaður fyrir sig fái tekjur í takt við ásókn ferðamanna.
  - Tekjur fjármagni uppbyggingu til að mæta eftirspurninni.
  - Að hafa áhrif á dreifingu ferðamanna

# Gjaldtaka gæti slegið á fjölgun ferðamanna en skilar tekjum á mótí

Flestar rannsóknir benda til þess að verðteygni meðal ferðamanna sé á bilinu 0,3 til 1,5

Flestar rannsóknir benda til þess að verðteygni meðal ferðamanna sé á bilinu 0,3 til 1,5. Það þýðir eftirspurn ferðamanna dregst saman um 0,3% til 1,5% ef gjald sem nemur 1% af neyslu ferðamanna er lagt á.

Ef gjaldtaka yrði tekin upp myndi ferðamönnum eflaust fjölga hægar en ella. En á mótí myndi sú gjaldtaka skila tekjum í ríkissjóð sem gæti staðið undir framkvæmdum til að styrkja innviði sem snúa að ferðapjónustu.



## Við stöndum á krossgötum

### Djöflaeyja:

- Engin aðgangsstýring
- Grotnandi innviðir og óánægja í samfélaginu
- Krónan verður of sterk og aðrar útflutningsgreinar líða fyrir ferðapjónustu
- Versnandi afkoma ferðapjónustufyrirtækja
- „Betur borgandi“ ferðamenn fælast Ísland
- Orðsporshnekkir

### Draumaland:

- Skynsamleg gjaldtaka til uppbyggingar innviða
- Góð dreifing ferðamanna í tíma og rúmi
- Viðráðanlegur vöxtur og ánægja í samfélaginu
- Gengi krónunnar í góðu jafnvægi svo aðrar útflutningsgreinar blómstra
- Framleiðni vex og afkoma ferðapjónustu batnar áfram
- Góðu orðspori er viðhaldið





## Viðauki: Ný gögn um rekstur ferðapjónustu


---

Þessi gögn Hagstofunnar birtast eingöngu sem viðauki þar sem þau voru birt eftir að búið var að vinna úttektina.




# Rekstrarhagnaður í ferðaþjónustu hefur batnað hratt síðustu ár

## Farþegaflutningar með flugi leiða batann




# Bætt afkoma hefur verið nýst til að bæta eiginfjárstöðu

Eiginfjárlutfall í ferðaþjónustutengdum atvinnugreinum þó almennt lægra en í öðrum atvinnugreinum



## Bætt afkoma endurspeglast í góðri ávöxtun eiginfjár

Ávöxtun eigin fjár hefur verið betri í ferðaþjónustu síðustu ár, sbr. við aðrar atvinnugreinar. Öfugt við þróunina fram til 2007.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. \*Án landbúnaðar, lyfjaframleiðslu og fjármála- og váttryggingastarfsemi. \*\*Skv. skilgreiningu Hagstofunnar í rekstrar- og efnahagfirliti íslenskra fyrirtækja.





# Skuldir hafa aukist rólega í ferðapjónustu en dregist frekar saman í öðrum atvinnugreinum frá kreppu

Aukin skuldsetning eðlileg og í raun fremur lítil miðað við hraðann vöxt





# Ferðapjónustan er frekar vinnuafsfrek sem birtist í launahlutfalli yfir meðaltali

Miðað við launakostnað á launþega jókst kaupmáttur í ferðapjónustu (+5%) hægar en í öllum atvinnugreinum viðskiptahagkerfisins (+6%) frá 2010-2014



# Árið 2014 var EBITDA í ferðapjónustu sú fjórða hæsta í hagkerfinu

Síðan þá hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um nærri 80% á ársgrundvelli



## Tengiliðir

---

Erna Björg Sverrisdóttir  
erna.sverrisdottir@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson  
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

### **Forstöðumaður Greiningardeildar**

Stefán Broddi Guðjónsson  
+354 444 6959  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Þorsteinn Andri Haraldsson  
thorsteinn.haraldsson@arionbanki.is

# Fyrirvari

---

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

**Takk fyrir**